

Síminn - AS6677

Grunnviðmið um jafningjafjarskipti (peering)

Þótt viðmið þessi séu uppfyllt, leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að jafningjafjarskiptum milli Símans og viðkomandi aðila verði komið á. Síminn mun meta ýmis viðskiptaleg atriði og áskilur sér einnig rétt til að hafna samtengingu á grundvelli þess mats.

Almennir samtengistaðir fyrir jafningjafjarskipti (Public Peering Points)

- RIX, Reykjavík IS
- AMS-IX, Amsterdam NL
- LINX, London UK

Tvíhliða samtengistaðir Símans fyrir jafningjafjarskipti (Private Peering Points)

- London, Telehouse West
- Amsterdam, Telecity AMS5
- Ísland
 - Reykjavík, Ármúli
 - Reykjavík, Breiðholt
 - Reykjavík, Árbær
 - Kópavogur, Digranesvegur

Sameiginleg skilyrði, sem þarf að uppfylla, hvort sem um er að ræða samtengingu um almenna eða tvíhliða samtengistaði

- Aðili verður að vera með almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta ("fjarskiptaleyfi"), útgefið af Póst- og Fjarskiptastofnun eða sambærilegri stofnun í heimalandinu (ef um erlendana aðila er að ræða).
- Aðili verður að starfrækja kerfismiðstöð (NOC, sem veitir þjónustu allan sólarhringinn, alla daga ársins) eða veita aðgengi að tæknimönnum sem veita sambærilega þjónustu ef upp koma vandamál með samtengingar.
- Aðili þarf að lágmarki að bjóða aðgang að hinu almenna Interneti eða nauðsynlega grunnþjónustu (t.d. root DNS þjónustu) fyrir netsamfélagið.
- Samræma skal auglýsingu leiðaupplýsinga um alla (almenna) samtengistaði.
- Virða skal regluna um stystu leið fyrir umferðina ("hot potato" eða "closest exit").
- Net aðila þarf að hafa umframgetu til að koma í veg fyrir að útföll hafi umtalsverð áhrif á umferðina, sem aðilarnir skiptast á.
- Aðilar mega aðeins auglýsa eigin net og net viðskiptavina sinna til hins aðilans.
- Safna skal netupplýsingum saman að svo miklu leyti sem hægt er. Síminn tekur ekki við auglýsingum fyrir net minni en /24 (fyrir IPv4) eða /48 (fyrir IPv6).
- Net verða að vera skráð í viðurkenndum gagnagrunnum (route registry), svo sem RIPE, APNIC, ARIN, RADB, VERIO.
- Aðilar skulu tryggja að netupplýsingar séu réttar með síum gagnvart viðskiptavinum sínum (til að geta hafnað röngum BGP auglýsingum).
- Ekki má nota Símann sem síðasta úrræði í leiðavali (route of last resort).
- Báðir aðilar skulu birta sama AS númer (ASN, Autonomous System Number) á hverjum samtengistað.

Skilyrði, sem þarf að uppfylla til að tengjast kerfi Símans um almenna samtengistaði

- Uppfylla þarf sameiginleg skilyrði hér fyrir ofan.
- Hlutfall milli jafningjaumferðar í hvora átt má ekki vera hærra en 3:1 á álagstímum (þ.e. þrefalt meiri umferð til Símans en frá honum). Notast er við sk. 95% mælingu á mánaðar tímabili (5 mínútna meðaltals mælingar í báðar áttir).

Skilyrði, sem þarf að uppfylla til að tengjast kerfi Símans um tvíhliða samtengistaði Símans

- Uppfylla þarf sameiginleg skilyrði hér fyrir ofan.
- Heildarumferðin yfir samtengiskilin þarf að vera næg til að réttlæta tenginguna kostnaðarlega. Miðað er við 1Gb/s að lágmarki í hvora átt milli Símans og viðsemjanda.
- Afhending gagna sem lýsa núverandi kerfi viðsemjanda, þ.m.t. afkastagetu þess og umfangi jafningjafjarskipta.
- Hvor aðili fyrir sig ber ábyrgð á kostnaði sem snýr að eigin búnaði. Kostnaði vegna samtengingar (ljósleiðaralagnir) er skipt jafnt milli Símans og viðsemjanda.

Ef ofangreind viðmið eru ekki að fullu virt af viðsemjanda þá lítur Síminn svo á að ekki sé um jafningjafjarskipti (ekki „mutual benefit“) að ræða og riftir samtengisamningi. Einnig ef um er að ræða umferð sem fer í bága við auglýsta notkunarskilmála neta Símans eða misnotkun af einhverju tagi.

Grunnviðmið þessi gilda þar til Síminn tilkynnir um breytingar á þeim og skal það gert með 60 daga fyrirvara. Staða virkra aðila jafningjafjarskipta um AS6677 verður endurskoðuð reglulega til að hægt sé að áætla flutningsþörf og til að ganga úr skugga um að öll skilyrði séu uppfyllt.

Ef Síminn telur að aðili fari gegn grunnviðmiðum um jafningjafjarskipti þá sendir Síminn skriflega tilkynningu og veitir eðlilegan frest til úrbóta (ekki lengri en 30 daga). Ef úrbótum er ekki sinnt þá er Símanum heimilt að rifta samningi og loka samtengingu eftir að frestur til úrbóta er liðinn án frekari fyrirvara.

Dagsetning: _____

Fyrir hönd: Símans hf.

Fyrir hönd: _____
